

Alþingi  
Erindi nr. Þ 126/2414  
komudagur 7.5.2001



## ÍÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - nefndadeild  
Austurstræti 10  
150 REYKJAVÍK.

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289  
netfang: postur@ivr.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 4. maí 2001  
Tilvísun : IVR01040092/10.201/JÖÞ

Með vísan til bréfs yðar, dags. 26. apríl sl., þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, þingskjal 770, 484. mál, flm. Drífa J. Sigfúsdóttir o.fl. vill viðskiptaráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Í greinargerð með frumvarpinu er m.a. skýrt frá því að nemendur Viðskiptaháskólans á Bifröst, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri, sem stundi sambærilegt nám í viðskiptafræðum og í Háskóla Íslands, njóti ekki sama réttar og nemendur úr Háskóla Íslands til að kalla sig viðskiptafræðinga. Þurfi því með tilliti til jafnræðissjónarmiða að breyta lögum þannig að allir nemendur, sem ljúka sambærilegu námi, njóti sömu réttinda að námi loknu.

Að óbreyttum lögum væri munurinn sá að þeir sem hefðu ekki lokið prófi úr viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands þyrftu að sækja um leyfi ráðherra (menntamálaráðherra) til að geta kallað sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga eftir þriggja ára nám og greiða 5.000 kr. fyrir leyfið. Þeir sem útskrifast hafa hins vegar á síðustu árum úr viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands þyrftu hins vegar ekki að sækja um leyfi og greiða fyrir það (cand. oecon. eftir fjögur ár í viðskiptafræði, B.S. eftir þrjú ár í viðskiptafræði, B.S. econ. eftir þrjú ár í hagfræði og B.A. eftir þrjú ár í hagfræði).

Í þingmannafrumvarpinu er það metið nauðsynlegt að þeir sem útskrifast úr öðrum háskólum hér en Háskóla Íslands þurfi ekki að leggja í framangreinda fyrirhöfn og kostnað til að geta kallað sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Ef talið væri rétt að samþykkja frumvarpið telur ráðuneytið eðlilegt að bæta M.S. við í upptalningu 1. gr. frumvarpsins á prófum úr viðskiptadeild, þar eð áætlað er að hefja meistaranám í deildinni innan tíðar, og jafnframt bæta við B.A. í tengslum við hagfræðideild. Í 1. gr. frumvarpsins er aðeins vikið að viðurkenndum íslenskum háskólum sem kann að vera veikleiki með tilliti til EES-samningsins en eflaust kæmi í reglugerð skv. 3. gr. upptalning á einhverjum erlendum skólum og/eða prófgráðum sem teldust með jafngilda menntun. Þá væri væntanlega til bóta að bæta við í 1. gr. nýjum málsl., 13. málsl., sem gæti orðast svo: Eldri leyfi menntamálaráðherra halda gildi sínu.

Viðskiptaráðuneytið telur rétt að menntamálanefnd athugi vel hvort ekki sé betra að fara þá leið að fella einfaldlega núverandi lög úr gildi. Þótt aðalreglan skv. lögnum (og frumvarpinu) sé sú að leyfi þurfi til að geta kallað sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga hér á landi þá mundu allir, sem útskrifuðust hér á landi samkvæmt framangreindu, hafa heimild eða fá leyfið og þyrftu jafnvel enginn þeirra að sækja um leyfið ef frumvarpið með breytingu á 1. gr. næði fram að ganga, aðeins

þeir sem menntast erlendis.

Ástæðan fyrir þessu er m.a. að nefnd sú sem hefur veitt menntamálaráðuneytinu álit á grundvelli gildandi laga hefur aðeins komið saman 4-5 sinnum á ári og afgreitt 10-15 mál árlega, mest mál Íslendinga sem hafa menntast erlendis, og lætur nærri að aðeins einn umsækjandi fái neikvætt svar á ári. Með hliðsjón af þessu má spyrja hvort ástæða sé til þess að hafa lög um þetta efni enda fremur sjaldgæft í íslenskri löggjöf að sett séu lög um starfsréttindi einstakra stétta. Um fjölmargar þeirra er engin sérstök löggjöf, t.d. lögfræðinga. Að vísu er viðskiptafræðinga- og hagfræðingastéttin hreyfanlegri milli landa en t.d. lögfræðingastéttin og hefur um 2.700 manns innan sinna vébanda. Þótt viðskipta- og hagfræðingastéttin vilji væntanlega að lög séu áfram í gildi á þessu sviði til þess að titlarnir útvatnist ekki þá verður samt, með tilliti til þess sem áður sagði um aðeins eitt neikvætt svar á ári, að ítreka þá spurningu hvort ástæða sé til þess að halda uppi sérstökum lögum af því tilefni þegar hagsmunirnir eru þetta litlir. Væru engin lög gætu þeir sem útskrifuðust úr öllum íslensku skólunum sjálfkrafa kallað sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga, svo og þeir sem kæmu erlendis frá en þeir hafa hingað til orðið að sækja um. Þetta væri í samræmi við þá yfirlýstu stefnu að gera ríkisrekstur einfaldari. Það kostar nefnilega bæði fé og fyrirhöfn að hafa lög sem ekki telst þörf á. Með niðurfellingu laganna mundi m.a. sparast kostnaður við vinnu nefndar og samningu reglugerðar og hugsanlegt umstang vegna kæru til ráðherra. Þá geta lög um starfsheiti einnar stéttar aukið ásókn annarra stétta í að fá svipaða sérölgjöf. Enginn hætta sýnist heldur samfara því að fella lögin niður eins og vera kann í tengslum við starfsheiti í viðkvæmum tæknigreinum.

Samrit af bréfi þessu er sent menntamálaráðuneytinu.

F.h.r.

*Jon Ögmundur Þormóðsson*